



Ofurhugi - Júlí / Ágúst 2018

Vel heppnuð æfingaferð



Tímabilið í ár byrjaði með skemmtilegri æfingaferð til Tenerife þar sem mikið var æft og margt brallað. Sundfólkið stóð sig afar vel í þessari ferð. Þau voru dugleg að æfa og öll hegðun og umgegni var til fyrirmyndar. Fararsjórnir þau, Lilja, Gunnrún, Áni og Unnur eiga skilið sérstakir þakkir fyrir þeirra framlag í ferðinni. Fararstjórn er ávallt krefjandi starf en þau leystu það með stakri þrýði þannig að ávallt var nóg við að vera hjá okkar ungu og orkumiklu sundmönnum.

Már Gunnarsson með frábæran árangur á EM 50

Már Gunnarsson náði frábærum árangri á EM 50. Már setti Íslandsmet í öllum sínum sundgreinunum. Hann keppti í fimm greinum á mótinu; 400m skriðsundi, 50m skriðsundi, 100m baksundi, 200m fjórsundi og 100m skriðsundi. Jafnframt bætti hann Íslandsmetið í 50m baksundi með millitíma sínum í 100m baksundi. Þannig að í heildina setti hann 6 Íslandsmet á Evrópumeistaramótinu.

Afar vel gert hjá þér Már Gunnarsson, við hjá ÍRB óskum þér innilega til hamingju með frábæran árangur :-)



Karen Mist Arngeirsdóttir keppir á ÓL ungmenna

Karen Mist Arngeirsdóttir náði þeim stórkostlega árangri að öðlast þáttökurétt á Ólympíuleikum ungmenna í Argentínu með góðum árangri á ÍM 50 í vetur. Formleg tilkynning um þáttöku hennar á mótinu barst okkur í lok ágúst.

Sundráð ÍRB óskar Karen innilega til hamingju með frábæran árangur.

Ólympíuleikar ungmenna fara fram í Buenos Aires í Argentínu 6. til 18. október. Ólympíuleikar ungmenna eru ætlaðir fyrir ungt íþróttafólk á aldrinum 15 til 18 ára.

Á leikunum er keppt í 32 íþróttagreinum, bæði hefðbundnum sem og nýstárlegum greinum. Í fyrsta sinn á Ólympískum viðburði eru jafn margir kvenkyns og karlkyns keppendur.



Ómar Jóhannsson nýr formaður Sundráðs ÍRB



Nýr formaður Sundráðs ÍRB er Ómar Jóhannsson. Ómar tekur við formennsku af Sigurbjörgu Róbertsdóttur sem hefur verið formaður undanfarin 11 ár. Við bjóðum hann hjartanlega velkominn í okkar hóp.

Fráfarandi formaður Sundráðs ÍRB Sigurbjörg Róbertsdóttir hefur verið afar öflugur formaður. Hún hefur stýrt starfi sunddeildanna með sóma og af alúð. Starf formanns eins og allra annarra stjórnarmanna Sundráðs ÍRB er alfarið

sjálfbóðaliðastarf og við þökkum Sigurbjörgu kærlega fyrir óeigingjörn störf í þágu sunddeildanna undanfarin 13 ár og alla þá vinnu sem hún hefur lagt af hendi fyrir sunddeildirnar þeim til heilla. Kærar þakkir fyrir allt Sigurbjörg Róbertsdóttir.

Afrekshópur - Steindór

Tímabilið byrjaði af krafti með æfingaferð til Tenerife þann 28. júlí. Þar var æft vel og lítur liðið mjög vel út. Ég hlakka því mikið til komandi verkefna. Sundmennirnir hafa verið duglegir að æfa eftir heimkomuna og æfingar orðnar talsvert krefjandi. Í vikunni verða foreldrafundir og jafnfram byrja einstaklingsviðtöl/markmiðasetning í þessari viku.

Sundmaður mánaðarins

Diljá Rún Ívarsdóttir er sundmaður mánaðarins. Diljá Rún mætir vel, er dugleg hress og áhugasöm sundkona og góð fyrirmynd.



Framtíðarhópur - Eddi



Flottur mánuður liðinn. Krakkarnir duglegir að mæta og æfa. Fórum í skemmtilega æfingaferð til Tenerife sem tókst í alla staði vel. Nú nálgast fyrsta mótið en það verður í lok september. Það er komin spenna í krakkana fyrir mótið enda liðinn langur tími síðan við kepptum síðast.

Sundmenn mánaðarins

Sundmenn mánaðarins að þessu sinni eru þau Jakob Ingi Reynisson og Jóhanna Arna Gunnarsdóttir. Þetta eru góðir sundmenn sem ætla sér stóra hluti í framtíðinni. Þau eru dugleg að æfa og eiga eflaust eftir að standa sig vel í vetur.



Styrktaraðilar Sundráðs ÍRB



©2018 Sundráð |

[Web Version](#)

[Preferences](#)

[Forward](#)

[Unsubscribe](#)

Powered by [Mad Mimi](#)®
A GoDaddy® company